

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar
Stjórnsýsluhúsinu
400 Ísafjörður

Ísafjarðarbær
MÓTTÉKJUD
07. júní 2019
Málsnr. 2019-06-0036
Frumrit - skilist til skjalasafns

31. maí 2019

Efni: Leiklistarmiðstöð Kómedíuleikhússins óskar eftir húsnæði á Þingeyri.

Kómedíuleikhúsið á Þingeyri er nú að stækka, þróast enn frekar og til framtíðar. Nú erum við að koma upp okkar eigin Leiklistarmiðstöð á Þingeyri. Nýlega hlutum við styrk úr sjóði verkefnisins Öll vötn til Dýrafjarðar fyrir Leiklistarmiðstöðinni. Næsta skref er að leita til Ísafjarðarbæjar vegna húsnæðis. Við sjáum í kómiskum ljóma húsnæði bæjarins á Þingeyri sem hýsti áður bókasafn og sveitarstjórnaskrifstofu Þingeyrarhrepps. Húsnæði þetta hefur staðið autt í áratugi og því finnst okkur tilvalið að fylla það lífi að nýju með starfsemi Leiklistarmiðstöðvar Kómedíuleikhússins.

Leiklistarmiðstöð Kómedíuleikhússins er brautryðjenda verkefni í leiklistarmálum á svæðinu. Kómedíuleikhúsið ættar að koma sér upp séstakri leiklistarmiðstöð unndir starfsemi sína á Þingeyri. Um er að ræða vinnuaðstöðu til æfinga á leikverkum okkar, skrifstofuaðstöðu Kómedíuleikhússins, aðstaða til hýsa leikmyndir okkar og búningasafn, og síðast en ekki síst aðstaða til að geta boðið uppá leiklistarnámskeið, fyrirlestra ofl.

Kómedíuleikhúsið hefur í dag ekkert fast æfingahúsnæði og því viljum við breyta og framtíðina sjáum við fyrir okkur í Dýrafirði. Okkar markmið er að vera leiðandi í leiklist á Vestfjörðum og því mun komandi leiklistarmiðstöð okkar hafa mikil að segja. Þangað mun streyma atvinnulistamenn til að vinna með okkur að uppsetningum Kómedíuleikhússins. Einnig mun hingað streyma listafólk allsstaðar af landinu til að sækja námskeið og annað leiklistartengt s.s. fyrirlestra. Þetta verður ekki sýningaraðstaða enda höfum við glæst leikhús nú-begar á Þingeyri í Félagsheimilinu.

Stefnt er að því að hefja starfsemi okkar í Leiklistarmiðstöð Kómedíuleikhússins í ágúst komandi ef allt gengur eftir og undirktir við erindi þessu verði góðar.

Með vinsemdu og kómedíukveðju,

Elfar Logi Hannesson

Kómedíuleikhúsið

Aðastræti 23

470 Þingeyri

